

Svar

umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra við fyrirspurn frá Degi B. Eggertssyni um ofanflóðasjóð.

1. *Hver er reynslan af ofanflóðasjóði og umgjörð um hann til forvarna vegna snjóflóða?*

Reynsla af ofanflóðasjóði til forvarna er góð. Ofanflóðasjóður hefur nýst til þess að framfylgja lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, reglugerð nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, og reglugerð nr. 636/2009, um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum, nema hvað uppbygging varna, sem ljúka átti 2010, hefur dregist (sjá nánar í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar).

Fé ofanflóðasjóðs skal nota til að greiða kostnað við varnir gegn ofanflóðum og rekstur sjóðsins og ofanflóðanefndar. Sá kostnaður er sundurliðaður í 13. gr. laga nr. 49/1997. Hann skiptist í kostnað við hættumat og hættumatsnefndir, mælitæki og rannsóknir sem miða að því að bæta hættumat og hönnun varnarvirkja og styðja við eftirlit með ofanflóðahættu, undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, viðhald varnarvirkja og kaup, og eignarnám eða flutning á húseignum.

Að jafnaði eru um 80–90% af fjárheimildum ofanflóðasjóðs nýtt í undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki eða uppkaupt íbúðarhúsa á hættusvæðum í þéttbýli og einstaka sveitabæja á hættusvæðum í dreifbýli. Uppbygging varna í þéttbýli hefur að mestu fylgt niðurstöðum skýrslu um þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi frá árinu 1996, en í henni voru möguleikar á snjóflóðavörnum athugaðir fyrir tíu þéttbýlisstaði á þekktum snjóflóðasvæðum og mat lagt á kostnað við þær varnir. Í dag hefur verið gripið til aðgerða á öllum þessum stöðum og á fimm stöðum til viðbótar þar sem áhætta reyndist yfir viðmiðunarmörkum. Alls hafa fallið 58 snjóflóð á nýlega varnargarða víðs vegar á landinu en langflest flóð hafa lent á varnargörðum á Flateyri (sjá mynd 1). Sum þessara flóða hefðu náð í eða niður undir byggð. Flóð sem annars vegar lentu á gördunum á Flateyri árið 2020 og bárust að hluta yfir þá og hins vegar á keilum og gördum í Neskaupstað árið 2023 hefðu líklega náð inn í byggð hefðu varnarvirki ekki verið komin. Varnirnar hafa því sannað gildi sitt en jafnframt sýnt að hönnun slíkra mannvirkja fylgir óvissa og hætta neðan varna hverfur ekki alveg.

Forgangsröðun uppbyggingar hefur verið þannig að byrjað hefur verið á vörnum á þeim svæðum þar sem flest hús eru í bráðri hættu (hættusvæði C), hafi það verið mögulegt. Sjóðurinn hefur ekki verið nýttur til þess að verja atvinnusvæði, þar sem með setningu laganna var lögð áhersla á að verja fólk á heimilum sínum, þar sem það dvelur flestum stundum og uppsöfnuð áhætta er mest.


Að jafnaði eru um 10–20% af fjárheimildum sjóðsins nýtt í önnur lögbundin verkefni. Þeirra helst er vinna vandaðs hættumats í þéttbýli, á skíðasvæðum (frá árinu 2009) og úttekt á hættu í dreifbýli. Hættumat kemur í veg fyrir að byggð þróist inn á hættuleg svæði og kalli á síðari tíma varnir.

Umgjörð ofanflóðasjóðs hefur reynst skilvirk og farsæl. Hættumat hefur verið unnið og varnir hafa risið nokkuð áfallalaust í öllum þeim 15 bæjum þar sem íbúðarhús eru í mestri

hættu. Hlutverkaskipting hefur einnig verið nokkuð skýr milli aðila, þ.e. ráðuneytisins, ofanflóðanefndar, Veðurstofu Íslands, almannavarna, almannavarnanefnda, hættumatsnefnda, sveitarfélaga, Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna og ráðgjafa/hönnuða. Samningar eru í gildi við Veðurstofu Íslands um kaup á vinnu fyrir ofanflóðasjóð á grundvelli árlegrar kostnaðar- og verkáætlunar. Að mati Veðurstofunnar leiðir fyrirkomulagið til skýrrar forgangs-röðunar verkefna innan stofnunarinnar.

Reynsla af framkvæmd laga nr. 49/1997 er góð. Hins vegar voru lögin sett fyrir um 30 árum og tíminn hefur leitt í ljós þörf á breytingum. Tímabært er að skýra og uppfæra ákveðin atriði í lögum og reglugerðum. Á það er m.a. bent af hálfu ráðuneytisins í hraðúttekt Ríkis-endurskoðunar á ofanflóðasjóði frá 2024. Einnig má nefna kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga við fyrirsjáanlegt viðhald mannvirkja. Enn fremur þarf að taka ákvörðun um hvort ráðast eigi í varnir gegn ofanflóðum á atvinnusvæðum, þegar uppbyggingu varna í þéttbýli lýkur, á grundvelli skýrslu um mat á þörf fyrir varnarvirki og viðbúnað vegna ofanflóða á atvinnu-svæðum á Íslandi frá árinu 2023 og úttektar á hættu í dreifbýli. Loks er tímabært að móta heildstæða stefnu um náttúruvá á Íslandi, byggða á stöðumati um náttúruvá frá 2023, og hlut ofanflóðasjóðs í þeirri heildarmynd.

Mynd 1. Rauðar útlínur snjóflóða sem fallið hafa úr upptakasvæðum ofan Flateyrar frá því að varnar-garðar risu árið 1999, ásamt jafnáhættulínum í byggð (C-lína er bleik, B-lína er blá og A-lína er gul). Heil-dregnar jafnáhættulínur endurspegla gildandi mat á hættu og strikalinur endurspegla hættu eins og hún var fyrir snjóflóðin sem féllu í janúar 2020 og bárust að hluta yfir garðana. Teikning úr frumathugunarskýrslu Verkís hf. vegna endurgerðar varna á Flateyri.



2. *Hvað er langt í land varðandi greiningar, áhættumat og framkvæmdir til að uppfylla markmiðin með ofanflóðasjóði?*

Áhættumati fyrir þéttbýlisstaði aðra en Hveragerði lauk árið 2024 og verið er að ljúka endurskoðun hættumats undir vörnum sem þegar hafa risið. Áhættumat á skíðasvæðum er skemur á veg komið. Hættumati er lokið fyrir Hlíðarfjall og Oddsskarð og hættumat fyrir Bláfjöll og Skálafell er í umsagnar- og kynningarferli. Úttekt á hættu í dreifbýli er styst á veg komin. Hún hefur verið unnin eða er í vinnslu fyrir Eyjafjarðarsveit, Öxnadal og Hörgárdal, Skagafjörð austan Vatna og í Syðridal í Bolungarvík. Ofanflóðasögu hefur verið safnað fyrir fleiri byggðir en langt er í land með að hættuúttektin verði landsþekjandi. Til viðbótar er í vinnslu gerð varúðarkorta vegna snjóflóða. Þau sýna hvar snjóflóðahætta gæti verið til staðar. Þau munu nýtast við að kortleggja þau svæði í dreifbýli sem þurfa nánari könnun á ofanflóðahættu. Yfirlit um þetta má sjá í viðauka 1.

Vinnu við áhættumat lýkur í raun aldrei, þar sem fyrirsjáanlegt er að endurskoða þurfi hættumat reglubundið t.d. vegna betri ofanflóðasögu, breytts byggðamynsturs, nýrra áhættuviðmiða, tilkomu betri reiknilíkana, í kjölfar óvæntra flóðaatburða eða breytts veðurfars. Því er nú talin ástæða til þess að endurskoða hættumat í þéttbýli með tilliti til skriðuhættu. Áhersla fram til þessa hefur verið á ofanflóðahættu í byggð og á skíðasvæðum en huga þarf að ofanflóðahættu á fleiri stöðum, eins og vinsælum ferðamannastöðum, vegum, tímabundnum vinnubúðum o.fl. Áhættuviðmið hafa ekki verið sett fyrir slík svæði en afar mikilvægt er að það verði gert.


Framkvæmdir við ofanflóðavarnir eru langt komnar. Lokið hefur verið við að reisa um 70% þeirra varna sem þarf til að verja íbúðarhús í þéttbýli (36 verkefni). Kostnaður við þær varnir sem hafa risið er metinn um 40 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2024. Fjögur verkefni eru í framkvæmd og tíu varnarverkefni eru í undirbúningi. Kostnaður við þau er áætlaður um 24 milljarðar kr. Sum þeirra eru tæknilega flókin, hlutfallslega dýr og hafa verið lengi í hönnun. Þörf er á að endurgera eða bæta varnir sem þegar hafa verið byggðar á nokkrum stöðum í kjölfar endurskoðunar á hættu undir varnargörðum. Sem dæmi hófst vinna við endurbætur varna á Flateyri á síðasta ári og áætlað er að hefja endurbætur upptakastoðvirkja í Drangagili í Neskaupstað í sumar. Kostnaður við þau verkefni er metinn tæplega 10 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2024. Sjá nánara yfirlit í viðauka 1 og á mynd 2.

Að lokum er vert að halda því til haga að uppbyggingu varna verður aldrei lokið að fullu þar sem sífellt þarf að vera hægt að bregðast við og læra af óvæntum atburðum, líkt og snjóflóðum sem fóru að hluta yfir varnargarða á Flateyri í byrjun árs 2020, skriðuföllum á Seyðisfirði í lok árs 2020 og líklegri aukningu á skriðuvirkni vegna loftslagsbreytinga. Einnig er viðbúið að aukin þekking á virkni varna og betri reiknilíkön kalli á endurskoðun varnarmarkna. Viðhaldsþörf mun aukast með tímanum. Ending stoðvirkja úr stáli á upptakasvæðum er takmörkuð vegna tæringar og þau eru útsett fyrir skemmdum af völdum t.d. grjóthruns. Eins miðast líftími netgrindakerfa brattrar varnargarða við 100 ár en búast má við að garðarnir standi mun lengur. Verði varnir fyrir hraðskreiðum snjóflóðum má gera ráð fyrir að þær geti laskast staðbundið, sér í lagi keilur sem geta orðið fyrir miklu álagi. Árlegur kostnaður vegna viðhalds, vöktunar og endurbóta hefur ekki verið metinn en gæti numið um 400–700 millj. kr. á ári, miðað við 100–200 ára líftíma mannvirkjanna.

Tafla 1. Fjöldi varnarvirkja sem reist hafa verið og fyrirhugað er að reisa. Kostnaður er á verðlagi ársins 2024. Ekki er um nákvæmar tölur að ræða.

Varnir	Þvergarðar	Leiðigarðar/ leiðiveggir	Keilur	Stoðvirki (km)	Snjósöfnunar- grindur (km)	Kostn. (milljarðar kr.)
1995–2024	23	15	81	13,5	0,5	40
2025–2034	14	5, þar af 2 að klárast	60	2,4	2–4	32
Samtals	37	20	141	15,9	2–4	72

Mynd 2. Fjöldi verkefna ofanflóðasjóðs og kostnaður við þau á verðlagi ársins 2024.



3. *Hvernig er ofanflóðasjóður búinn undir það fjárhagslega að takast á við framangreind verkefni?*

Ofanflóðasjóður er vel í stakk búinn til að takast á við verkefnin. Innheimtar tekjur ríkissjóðs af ofanflóðagjaldi hafa um langt skeið verið hærri en fjárheimildir sjóðsins. Framkvæmdageta hefur um langt skeið verið meiri en fjárheimildir endurspegla. Í viðauka 2 er áskorun til stjórnvalda frá 2019 um að flýta uppbyggingu ofanflóðavarna.

Auk lögbundinna verkefna hafa fjárheimildir sjóðsins verið nýttar til þess að greiða kostnað Veðurstofu Íslands við gerð hættumats vegna vatns- og sjávarflóða og eldgosa á grundvelli bráðabirgðaákvæðis frá árinu 2014.

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir stöðu hættumats í þéttbýli.

Kjalarnes, lokið 2015.

Mosfellsbær, lokið 2011.

Snæfellsbær. Ólafsvík, lokið 2004, endurskoða þarf hættumat eftir að varnir voru reistar.

Vesturbyggð. Patreksfjörður, lokið 2003. Endurskoða þarf hættumat þegar búið er að klára að reisa varnir fyrir bæinn. Tálknafjörður, lokið 2008. Endurskoða þarf hættumat þegar varnir verða reistar. Bíldudalur, lokið 2004, endurskoðað 2018. Endurskoða þarf hættumat þegar búið er að klára að reisa varnir fyrir bæinn.

Ísafjarðarbær. Þingeyri, lokið 2005. Flateyri, fyrsta hættumat 2004, endurskoðað hættumat 2020. Endurskoða þarf hættumat þegar varnir hafa verið bættar. Ísafjörður, lokið 2003, endurskoðað 2008 og 2012. Endurskoðun hættumats vegna varna er í vinnslu. Suðureyri, lokið 2005.

Bolungarvík, lokið 2003. Endurskoðun hættumats vegna varna er í vinnslu.

Súðavík, lokið 2005.

Kaldrananeshreppur. Drangsnæs, lokið 2009.

Skagafjörður. Sauðárkrúkur, lokið 2016.

Fjallabyggð. Siglufjörður, lokið 2002. Endurskoðun hættumats vegna varna er í vinnslu. Ólafsfjörður, lokið 2005. Endurskoðun hættumats vegna varna er í vinnslu.

Akureyri, lokið 2010.

Múlaþing. Seyðisfjörður, lokið 2002, endurskoðað 2019 og 2021. Endurskoða þarf hættumat þegar varnir hafa verið reistar

Fjarðabyggð. Neskaupstaður, lokið 2002. Endurskoðun hættumats vegna varna er í vinnslu fyrir hluta bæjarins. Eskifjörður, lokið 2002. Endurskoðun snjóflóðahættumats er í vinnslu, endurskoðun skriðuhættumats er að hefjast, endurskoða þarf hættumat vegna varna. Fáskrúðsfjörður, lokið 2006. Endurskoða þarf hættumat vegna varna. Stöðvarfjörður, lokið 2024.

Skaftárhreppur. Kirkjubæjarklaustur, lokið 2010.

Mýrdalshreppur. Vík í Mýrdal, lokið 2010.

Yfirlit yfir stöðu hættumats á skíðasvæðum.

Hættumati lokið fyrir Hlíðarfjall og Oddsskarð.

Drög að hættumat eru tilbúin fyrir Bláfjöll og Skálafell.

Hættumat er í vinnslu fyrir skíðasvæðið á Ísafirði (lýkur 2025) og hafið fyrir Stafdal.

Eldri drög hættumats eru til fyrir Tindastól og Skarðsdal.

Ekki er hafin vinna við hættumat fyrir Tindaöxl, Böggvisstaðafjall, Kröflu og Húsavík.

Yfirlit yfir stöðu hættumats í dreifbýli.

Önundarfjörður og Dýrafjörður. Ofanflóðasögu hefur verið safnað. Könnun á ofanflóðahættu hefur verið gerð fyrir þrjá bæi sem taldir eru í mestri hættu.

Syðridalur, Bolungarvík. Könnun lokið, skýrsla kemur út á árinu.

Skagafjörður vestan Vatna. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.

Skagafjörður austan Vatna. Könnun á ofanflóðahættu lokið.

Austur-Húnavatnssýsla. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.

Skagi. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.

Fnjóskadalur. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.

Öxnadalur og Hörgárdalur. Könnun á ofanflóðahættu lokið.

Ólafsfjörður. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.
Eyjafjarðarsveit. Könnun á ofanflóðahættu lýkur á árinu.
Kaldakinn. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.
Jökuldalur. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.
Fljótsdalur. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.
Skriðdalur. Ofanflóðasögu hefur verið safnað.
Mýrdalur og byggð undir Eyjafjöllum. Söfnun ofanflóðasögu er hafin.

Yfirlit yfir þéttbýlisstaði þar sem lagt er til að skriðuhætta verði endurmetin.

Ísafjörður, Suðureyri, Bíldudalur, Patreksfjörður, Bolungarvík, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri, Neskaupstaður, Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður.

Yfirlit yfir svæði þar sem varnir hafa risið eða hús keypt upp.

Snæfellsbær. Ólafsvík. Farvegur Bæjarlækjar, á upptakasvæði í Tvísteinahlíð í Ólafsvík.
Vesturbyggð. Á Patreksfirði hafa varnargarðar risið ofan sjúkrahúss og skóla, ofan hafnar við Urðir, Hóla og Mýrar, við neðri hluta Litladalsár og á upptakasvæði Stekkagils. Á Bíldudal hafa varnargarðar risið undir Búðargili og á Tálknafirði hafa verið uppkaup undir Geitárhorni.

Ísafjarðarbær. Á Flateyri hafa varnargarðar risið undir Innra-Bæjargili og Skollahvilft. Á Ísafirði hafa varnargarðar risið undir Seljalandshlíð, undir Kubba og í upptakasvæði snjóflóða í Kubba og undir Gleðarhjalla. Í Hnífsdal var byggð undir Búðarhyrnu keypt upp.

Bolungarvík. Varnargarðar hafa risið undir Traðarhyrnu.

Súðavík. Byggð undir Súðarvíkurhlíð var flutt.

Fjallabyggð. Á Siglufirði hafa stoðvirki risið í upptakasvæðum Hafnarhyrnu og Gróuskarðshnúks og varnargarðar undir Hafnarhyrnu, Strengsgili og Jörundarskál. Í Ólafsvík hefur varnargarður risið ofan Hornbrekku.

Eyjafjarðarsveit. Varnargarður ofan Grænuhlíðar.

Múlaþing. Á Seyðisfirði hafa varnargarðar risið á Bjólfsbrún.

Fjarðabyggð. Á Eskifirði hafa garðar risið meðfram Lambeyrará, Ljósá, Hlíðarendaá og Bleiksá. Á Fáskrúðsfirði hafa varnargarðar risið ofan byggðar við Nýjabæjarlæk. Í Neskaupstað hafa varnir risið undir Drangagili, Tröllagili, Miðstrandarskarði, Urðarbotnum og Sniðgili. Á upptakasvæðum Tröllagilja og Drangagils hafa verið sett upp stoðvirki.

Yfirlit framkvæmda sem eru í gangi eða er fyrirhugað að hefjist árið 2025.

Snæfellsbær. Endurbætur Bæjargilsfarveggar og leiðiveggja.

Vesturbyggð. Á Patreksfirði verður lokið við endanlegan frágang bráðavarna í Stekkagili og varnargarða ofan hafnar. Á Bíldudal er fyrirhugað að hefja lokaáfanga í uppbyggingu varna fyrir byggðina árið 2025.

Ísafjarðarbær. Á Flateyri er unnið að endurbótum varna.

Múlaþing. Á Seyðisfirði er unnið að uppbyggingu varna á þremur svæðum undir Bjólfi.

Fjarðabyggð. Í Neskaupstað er verið að byggja garða undir Nes- og Bakkagiljum (síðustu fyrirhuguðu nýframkvæmdir í Neskaupstað). Fyrirhugað er að hefja endurbætur á stoðvirkjum í upptakasvæði Drangagils árið 2025.

Yfirlit yfir staði þar sem framkvæmdir við uppbyggingu varna hafa ekki hafist.

Verkefnið eru mislangt komin í undirbúningi.

Vesturbyggð. Varnir á Patreksfirði undir Stekkagili, við Sigtún og í efri hluta Litladalsár. Varnargarðar á Tálknafirði undir Geitárhornum.

Ísafjarðarbær. Undir Bakkahyrnu í Hnífsdal.

Múlaþing. Undir Botnahlíð á Seyðisfirði.

Fjarðabyggð. Meðfram Grjótá á Eskifirði.

Fyrirsjáanlegar eru endurbætur á vörnum á eftirtöldum stöðum.

Snæfellsbær. Upptakastoðvirki í Tvísteinahlíð.

Vesturbyggð. Á Patreksfirði er verið að prófa virkni snjósöfnunargrinda á fjallstoppi til þess að styrkja varnir ofan og við höfnina. Virkni hingað til er takmörkuð.

Ísafjarðarbær. Á Flateyri er verið að prófa virkni snjósöfnunargrinda á fjallstoppi til þess að draga úr snjósöfnun í upptakasvæði ofan byggðar. Prófun lofar góðu.

Bolungarvík. Varnargarðar hafa valdið auknu vindálagi á hús í byggð undir görðunum og til greina kemur að reisa vindveggi til þess að bregðast við því.

Fjarðabyggð. Bæta þarf við varnarkeilum undir Drangagili og viðhalda eða endurbyggja núverandi keilur. Bæta þarf virkni leiðigarðs undir Miðstrandarskarði.

Fjallabyggð. Bæta þarf varnargarða undir Hafnarhyrnu og leiðigarð undir Strengsgili og Jörundarskál.

VIÐAUKI 2

Uppbygging ofanflóðavarna – betur má ef duga skal

Áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna uppbyggingar ofanflóðavarna á landinu

3. maí 2019

Undanfarna tvo áratugi hefur verið unnið að uppbyggingu ofanflóðavarnavarna víða á landinu í samræmi við stefnu sem stjórnvöld mörkuðu í kjölfar mannskæðra snjóflóða í Súðavík og á Flateyri árið 1995 þar sem 34 létu lífið. Þessi uppbygging hefur að mestu verið fjármögnuð af Ofanflóðasjóði með gjaldi á allar brunatryggðar húseignir í landinu sem nemur 0,3% af váttryggingarverðmæti á grundvelli laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Gjald þetta var lagt á tímabundið til þess að aðstoða sveitarfélög sem búa við ofanflóðahættu við að grípa til ráðstafana sem tryggja öryggi íbúa þeirra. Tilgangur laganna var skýr. Byggja skyldi hratt upp snjóflóðavarnir fyrir hættulegustu byggðir landsins, til þess að forðast sambærileg slys. Upphaflega stóð til, samkvæmt reglugerð um hættumat, nr. 505/2000, að varnir fyrir hættulegustu svæði landsins yrðu komnar upp fyrir árið 2010. Uppbyggingin hefur gengið hægar en áætlað var, einkum vegna stjórnvaldsákvæðana, og þessu markmiði var því frestað til ársins 2020 með breytingu nr. 1017 á hættumatsreglugerðinni frá 2010. Nú stendur aftur til að fresta tímasettu markmiði. Til þess að ljúka uppbyggingu ofanflóðavarna fyrir árið 2030 þarf aukið fjárstreymi til framkvæmda, sem Ofanflóðasjóður hefur burði til, eins og nánar er greint frá í bréfinu og kemur fram í áskorun í lok þess.

Uppbygging ofanflóðavarna síðan 1995

Ofanflóðavarnir hafa verið reistar á grundvelli yfirlitsskýrslu, um þörf fyrir slíkar varnir hér á landi. Skýrsluna sömdu sérfræðingar á Væðurstofu Íslands í samvinnu við sérfræðinga frá snjóflóðarannsóknarstofnunum í Noregi og Sviss árið 1996 að beiðni umhverfisráðuneytisins. Til laga að forgangsroðun framkvæmda var unnin af umhverfisráðuneytinu með viðkomandi sveitarfélögum í framhaldi af skýrslunni. Í yfirlitsskýrslunni var kostnaður við ofanflóðavarnirnar metinn 18–37 milljarðar kr. á verðlagi ársins 2019. Nú hefur verið varið um 21 milljarði að núvirði til ofanflóðavarna frá árinu 1996, til verkefna sem lokið er, og verkefni fyrir 2–3 milljarða eru í vinnslu. Áætlaður viðbótarkostnaður til þess að ljúka verkinu er metinn um 19 milljarðar kr. Inneign í Ofanflóðasjóði mun nú vera um 16 milljarðar kr. Ljóst er að markmið um að varnir fyrir hættulegustu svæði landsins verði komnar upp fyrir árið 2020 mun ekki nást. Það stefnir reyndar í að þessu markmiði verði ekki náð fyrr en undir miðja öldina miðað við fjárheimildir til þessara verkefna undanfarin ár en þær hafa í mörg ár verið mun minni en Ofanflóðasjóður hefur burði til miðað við tekjur sjóðsins og fjármuni sem í hann hafa safnast á umliðnum árum. Slík frestun býður heim hættu á mannskæðum slysum í þéttbýli sem erfitt er að sætta sig við þar sem sjóðurinn hefur burði til þess að ljúka uppbyggingu varnanna miklu fyrr.

Nauðsyn ofanflóðavarna

Snjóflóð og skriðuföll hafa valdið mörgum hörmulegum slysum og stórfelldu efnahagslegu tjóni hér á landi frá því byggð hófst á níundu öld. Fyrstu heimildir um mannskaða af völdum snjóflóða eru frá árinu 1118 þegar snjóflóð í Dölum hreif með sér fimm menn og fórust þeir allir. Samtals er getið u.þ.b. 700 dauðsfalla af völdum snjóflóða á Íslandi síðan þá. Gera má ráð fyrir nokkur hundruð óskráðum dauðsföllum til viðbótar. Frá aldamótunum 1900 hafa farist samtals 210 manns af völdum snjóflóða og skriðufalla hér á landi. Mannskæð snjóflóðaslys í Súðavík og á Flateyri árið 1995 gerbreyttu afstöðu Íslendinga til snjóflóðahættu. Slysinn opnaði augu manna fyrir því að snjóflóðahætta var langt umfram það sem hægt er að sætta sig við á stórum þéttbýlum svæðum í nokkrum þorpum og bæjum á landinu. Rýmingar er hægt að nota til þess að draga úr slysaþættu en þær eru óvissu undirorpnar og ekki er unnt að tryggja að þær heppnist alltaf. Því eru víðtækar rýmingar, með þeim óþægindum og óöryggi sem þær valda íbúum, einungis tímabundin ráðstöfun á mestu hættusvæðunum í þéttbýli meðan unnið er að

lausn vandans með byggingu varanlegra varnarmannvirkja og með breytingum á skipulagi og landnýtingu.

Staða mála og framtíðarhorfur

Varnarvirki gegn ofanflóðum hafa verið reist á 13 stöðum á landinu síðan 1995 og gripið hefur verið til uppkaupa á húsnæði á tveimur stöðum til viðbótar. Alls hafa verið reistir 12 leiðigarðar, 20 þvergarðar, 58 varnarkeilur og 3 fleygar sem verja stakar byggingar. Jafnframt hafa verið reistir um 9,7 km af stoðvirkjum á hugsanlegum upptakasvæðum snjóflóða. Enn á eftir að reisa a.m.k. 9 leiðigarða, 15 þvergarða, um 30 varnarkeilur, 4–7 km af stoðvirkjum, 2 km af snjósöfn-unargrindum, 25 vindkljúfa og umfangsmiklar aurflóðavarnir, m.a. á svæðum þar sem snjó- og krapaflóð hafa oft fallið niður undir eða í gegnum byggð. Verkefnið eru mörg hver tæknilega flókin og hafa því verið lengi í hönnun og eru hlutfallslega dýr. Því vantar talsvert upp á að áform stjórnvalda frá 1996 séu komin til framkvæmda þannig að öryggi fólks innan veggja heimilisins sé ekki háð búsetu.

Varnirnar sem komnar eru upp hafa aukið öryggi á mörgum hættusvæðum og breytt miklu til batnaðar fyrir viðkomandi byggðarlög þar sem ella hefði þurft að rýma hús mun oftast þegar snjóflóðahætta kemur upp að vetrarlagi. Frá því að uppbygging varnarvirkja fyrir snjóflóðahættusvæði hófst fyrir alvöru árið 1997 hafa yfir 40 snjóflóð lent á nýlega byggðum leiðigörðum og þvergörðum ofan byggðar hér á landi. Sum þessara flóða hefðu náð alveg niður undir og jafnvel inn í byggðina hefðu varnargarðarnir ekki komið til. Má af þessu ráða hversu mikla nauðsyn ber til þess að ljúka sem fyrst uppbyggingu varnarvirkja fyrir verst settu svæði landsins.

Slys af völdum ofanflóða hafa sérstöðu samanborið við aðrar náttúruhamfarir hér á landi að því leyti að þau hafa kostað miklu fleiri mannlíf en aðrar náttúruhamfarir á síðari öldum. Þannig hafa farist tveir af völdum eldgosa, einn af völdum jarðskjálfta og einn af völdum vatnsflóða hér á landi frá aldamótunum 1900 en 210 af völdum ofanflóða á sama tímabili eins og nefnt var hér að framan. Ofanflóð valda einnig miklu efnahagslegu tjóni, sem hleypur á mörgum milljörðum kr. á síðustu áratugum, en hafa þar ekki sömu sérstöðu samanborið við aðra náttúruvá og hvað manntjón varðar. Hin mikla slysaætla af völdum ofanflóða kallar á öflugan viðbúnað til þess að tryggja öryggi íbúa á ofanflóðahættusvæðum.

Á árabílinu 2017–2019 hafa fjárheimildir Ofanflóðasjóðs til framkvæmda við byggingu varnarvirkja verið 600–700 milljónir kr. að meðaltali árlega. Sjóðurinn veitti jafnframt um 300 milljónum til vöktunar ofanflóðahættu, hættumats vegna ofanflóða og annarrar náttúruvá, og ýmiss undirbúnings uppbyggingar varnarvirkja, auk kostnaðar við rekstur sjóðsins. Um 200 milljónum var varið til þess að standa straum af hlut sveitarfélaga í kostnaði við varnir sem þegar hafa verið reistar og um 100 milljónir fóru árlega í fjármagnstekjuskatt af eignum sjóðsins sem nú nema um 16 milljörðum kr. Samtals hefur 1200–1300 milljónum verið veitt úr sjóðnum árlega. Áætlaður kostnaður við þau varnarvirki sem eftir eru nemur um 19 milljörðum kr. eins og fyrr var nefnt. Ljóst er að marga áratugi mun taka að ljúka þessum verkefnum með svipuðum fjárheimildum úr sjóðnum og á undanförmum árum. Í Ofanflóðasjóði eru nú þegar sambærilegir fjármunir og þarf til þess að ljúka fyrirhuguðum framkvæmdum sem gerir viðkomandi byggðarlögum mun erfiðara að setta sig við stöðuna. Tekjur sjóðsins á hverju ári nema yfir 3 milljörðum kr., sem skattgreiðendur hafa mátt ætla að innheimtar séu eingöngu til þess að standa straum af framkvæmdum við varnarvirki og kostnaði við hættumat og rannsóknir og eftirlit með hættu á ofanflóðum og annarri náttúruvá, en í lögum um sjóðinn stendur „Fé ofanflóðasjóðs ... skal notað til að greiða ... kostnað við varnir gegn ofanflóðum“.

Áskorun

Við undirrituð, sem öll höfum komið að hættumati og uppbyggingu varna gegn snjóflóðum og skriðuföllum hér á landi á undanförmum árum og áratugum, viljum skora á stjórnvöld að ljúka sem fyrst uppbyggingu ofanflóðavarna. **Fjárhagslega og tæknilega virðist raunhæft að ljúka þeim framkvæmdum sem eftir standa fyrir árið 2030 ef fljótlega verður hafist handa við framkvæmdir, sem undirbúnar hafa verið. Samtímis yrði unnið að undirbúningi framkvæmda**

sem skemmra eru á veg komnar í samvinnu sveitarfélaganna sem um ræðir og annarra stjórnvalda. Þetta er verðugt markmið nú þegar tæpur aldarfjórðungur er liðinn frá hinum hörmulegu slysum í Súðavík og á Flateyri árið 1995. Ekki er viðunandi að meira en hálf öld líði frá þessum slysum þar til fullnægjandi varnir hafa verið reistar fyrir byggð á mestu snjóflóðahættusvæðum landsins þar sem slíkur hægagangur býður heim hættu á mannskæðum slysum í þéttbýli.

Virðingarfyllst,

Athallundur Borgþórsdóttir

Aðalheiður Borgþórsdóttir, bærarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar

Aldís Hafsteinsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Gunnar Þ. Birgisson

Gunnar Þ. Birgisson, bærarstjóri Fjallabyggðar

Guðmundur Gunnarsson

Guðmundur Gunnarsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar

Halldór Halldórsson

Halldór Halldórsson, fyrrv. bærarstjóri Ísafjarðarbæjar og fulltrúi í Ofanflóðanefnd

Harpa Grímsdóttir

Harpa Grímsdóttir, hópstjóri ofanflóðavöktunar á Veðurstofu Íslands

Karl Óttar Pétursson

Karl Óttar Pétursson, bærarstjóri Fjarðabyggðar

Kristín Martha Hákonardóttir

Kristín Martha Hákonardóttir, verkfræðingur og ofanflóðasérfræðingur á Verkís verkfræðistofu

Magni Hreinn Jónsson

Magni Hreinn Jónsson, verkefnisstjóri ofanflóðahættumats á Veðurstofu Íslands

Magnús Jónsson

Magnús Jónsson, fyrrv. Veðurstofustjóri

Magnús Jóhannesson

Magnús Jóhannesson, fyrrv. ráðuneytisstjóri og fyrrv. formaður Ofanflóðanefndar

Tómas Jóhannesson

Tómas Jóhannesson, ofanflóðasérfræðingur á Veðurstofu Íslands

Trausti Jónsson

Trausti Jónsson, veðurfræðingur og fyrrv. sviðsstjóri á Veðurstofu Íslands